

Fundargerð 329. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 4. nóvember 2025
Fundartími: 17:00-17:50
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Helena Hólm
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 312, dags. 22.10.2025:

a) Lækjarholt 4 L231163; Stækkun byggingarreits og aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2510021

Lögd er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Lækjarholts 4 L231163 í Flóahreppi. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits á lóðinni og heimilt verði að reisa þar þrjú geymsluhús og/eða skemmur í stað einnar. Einnig er leyfilegt byggingarmagn aukið úr 400 fm í 600 fm.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Lækjarholts 4 L231163 og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Eftir breytingu verði heimilt að reisa þrjú geymsluhús og/eða skemmur í stað einnar og leyfilegt byggingarmagn aukið úr 400 fm í 600 fm.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Sólbrekka L213875 (áður Hnaus land 4); 2 lögbýlislóðir; Deiliskipulag – 2501006

Lögd er fram tillaga nýs deiliskipulag, eftir auglýsingu, sem tekur til Sólbrekku L213875 (áður Hnaus land 4) í Flóahreppi. Heildarstærð landsins er um 50,1 ha. Fyrirhugað er að stofna lögbýli á jörðinni þar sem starfrækja á gróður- og grænmetisræktun með tilheyrandi atvinnuhúsnæði. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til Sólbrekku L213875 eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi

Handwritten signatures in blue ink.

við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögunum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2025-2037 – 2510040

Lögð er fram skipulagslýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2025-2037. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2025-2037 til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Jafnlaunavottun – Viðhaldsúttekt

Lögð fram til kynningar fyrir sveitarstjórn skýrsla BSI á Íslandi vegna viðhaldsúttektar á jafnlaunakerfi sveitarfélagsins, auk fundargerðar frá rýnisfundi stjórnenda dags 07.10.2025. Niðurstaða launagreiningar er frávik 1,7% konum í vil og fylgni á milli starf flokkunar og þeirra launa sem greidd eru 97,4%. Það er mat úttektaraðila að jafnlaunakerfi sveitarfélagsins sé hannað til að ná markmiðum og stefnu skipulagsheildarinnar í jafnlaunamálum. Engin frábrigði komu fram í úttektinni og staðfesti úttekt virkni jafnlaunakerfisins. Tekið var fram að úrvinnsla úr launagreiningu og skjölun jafnlaunakerfisins væri til fyrirmyndar. Áframhaldandi vottun er því staðfest.

3. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Möguleiki á heildarsamningi við STEF

Fyrir liggur erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem STEF, félagasamtök tón- og textahöfunda á Íslandi, hefur óskað eftir viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga um gerð rammasamnings um greiðslur leyfisgjalda fyrir leyfi til flutnings tónlistar hjá sveitarfélögum landsins og stofnunum þeirra.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur vel í að gerður verði heildarsamningur á milli STEF og Sambands íslenskra sveitarfélaga og samþykkir að Sambandið vinni að heildarsamningi við STEF fyrir hönd Flóahrepps.

Samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Minnisblað frá verkefnastjóra vegna útboðs í 1. áfanga íbúðarbyggðar við Þingborg

Fyrir liggur minnisblað frá Guðmundi Daníelssyni verkefnastjóra vegna 1. áfanga íbúðarbyggðar við Þingborg. Í minnisblaðinu er farið yfir feril útboðsins og úrvinnslu tilboða vegna verksins Þingborg – 1. áfangi. Alls bárust 11 tilboð í verkið.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita sveitarstjóra umboð til að undirrita verksamning við Gröfutækni ehf. fyrir hönd sveitarfélagsins á grundvelli tilboðs þeirra þegar önnur gögn, svo sem verk- og tímaáætlun, liggur fyrir frá verktaka.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Umsagnarbeiðni frá Skipulagsgátt mál 1437/2025 – Framleiðsluaukning

Orkugerðarinnar

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Skipulagsgátt vegna máls 1437/2025 er varðar hugmyndir Orkugerðarinnar ehf. um framleiðsluaukningu úr 14.000 tonnum af hráefni á ári í allt að 18.000 tonn. Framkvæmdirnar eru fyrirspurnarskyldar skv. tölulið 11.12 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að hugmyndir um framleiðsluaukningu geti valdið umtalsverðum auknum umhverfisáhrifum á nágrennið og þá helst í formi áframhaldandi viðvarandi lyktarmengunar frá starfsemi. Sveitarstjórn vill að rík áhersla sé lögð á að

starfsemi Orkugerðarinnar uppfylli öll skilyrði starfsleyfis og að eftirlits- og úttektaraðilar fylgi eftir öllum þeim athugasemdum og ábendingum sem komið hafa fram í eftirliti og úttektum síðustu ár áður en mæta ætti hugmyndum um framleiðsluaukningu. Þar sem ljóst er, skv. bréfi frá Umhverfis- og Orkustofnun til rekstraraðila dags. 31.10.2025, að skortur er á fullnægjandi skráningum, skv. grein 4.1 í starfsleyfi Orkugerðarinnar, telur sveitarstjórn ekki hægt að fullyrða um að umhverfisáhrif eða önnur neikvæð áhrif framkvæmda séu litlar eða engar líkt og fram kemur í framlagðri skýrslu vegna málsins. Því telur sveitarstjórn mikilvægt að fyrirhuguð framleiðsluaukning falli undir mat á umhverfisáhrifum sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana til að taka af allan vafa um neikvæð áhrif á nærumhverfi, íbúa, uppbyggingu og starfsemi í nálægð við Orkugerðina. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna drög að umsögn í samráði við sveitarstjórn og óskar jafnframt eftir því að umsagnir berist í skipulagsgátt frá umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Brunavörnum Árnessýslu, skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélagsins og Vinnueftirliti ríkisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Umsagnarbeiðni frá Skipulagsgátt mál 1443/2025 – Aukin efnistaka í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Skipulagsgátt vegna máls 1443/2025 er varðar aukna efnistöku í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu. Um er að ræða stækkun á námu sem nemur um 349.000 m³. Þegar hefur áætluð fyrri efnisvinnsla á svæðinu verið um 150.000 m³ og nær fyrirsögn um matsskyldu til þeirrar efnisvinnslu sem þegar hefur farið fram auk fyrirhugaðrar stækkunar eða alls um 499.000 m³ efnistöku á um 16 ha landi. Framkvæmdirnar eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar skv. tölulið 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að ljóst er að áhrif aukinnar efnistöku og efnislosunar á nærumhverfið og nágranna er nokkur og bendir þar m.a. á að þegar mest umsvif eru í námunni eru farnar um 100 ferðir á dag miðað við upplýsingar í framlagðri skýrslu. Það er fyrir utan alla þá umferð sem fylgir efnislosun á svæðið, sem er umtalsverð þar sem um er að ræða efnislosunarsvæði fyrir Sveitarfélagið Árborg. Ofaná það bætist svo við umferð íbúa og annarra sem fara um veginn. Um er að ræða malarveg og eins og bent er á í skýrslunni þá er hann breiður og auðvelt að mætast en rykmengun og mikið slit á vegkaflanum hefur veruleg áhrif á þá sem um veginn fara og búa í nálægð við hann. Í skýrslunni kemur fram að vegurinn sé rykbundinn þegar þarf til að draga úr áhrifum rykmengunar en ekki kemur fram hver er ábyrgur fyrir því að sinna fullnægjandi rykbindingu á meðan efnislosun og efnistaka fer fram á námunum. Vegurinn liggur mjög nærri íbúðabyggð og lögbýlum og því ljóst að umferð þungra vörubíla hefur áhrif á þá sem þarna búa. Sveitarstjórn bendir einnig á að aukin umferðarhætta er við vegamót Gaulverjabæjarvegur og Önundarholtsvegur sem og við vegamót Villingaholtsvegur og Önundarholtsvegur vegna aukinnar umferðar vörubíla. Hvorki Villingaholtsvegur né Gaulverjabæjarvegur eru skilgreindar aðalbrautir og því ekki biðskylda heldur gildir hægri regla á þessum vegamótum. Sömuleiðis eru vegtengingar við efnislosunar- og efnistökusvæðið orðnar þéttar á kaflanum frá Súluholti að efnislosunar- og efnistökusvæðinu.

Sveitarstjórn telur á ýmsan hátt jákvætt að efnistökusvæði sé á svæðinu enda dregur það úr vegalengdum þegar unnið er að framkvæmdum á svæðinu og getur á þann hátt haft jákvæð umhverfisáhrif og dregið úr kostnaði við framkvæmdir. En samhliða stækkun á svæðinu þarf að mati sveitarstjórnar að huga að ofangreindum þáttum til að lágmarka áhrif á íbúa og aðra sem dvelja á svæðinu vegna neikvæðra áhrifa.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna drög að umsögn í samráði við sveitarstjórn og óskar jafnframt eftir því að umsagnir berist í skipulagsgátt frá umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins og Vegagerðinni. Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Áskorun til sveitarstjórnar Flóahrepps – Umsögn vegna Orkugerðarinnar ehf.

Fyrir liggur áskorun til sveitarstjórnar Flóahrepps um að senda umsögn til Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar Orkugerðarinnar ehf. Sérstaklega er óskað eftir því að í umsögn sveitarstjórnar sé gætt að hagsmunum íbúa sveitarfélagsins og tryggt að sjónarmið þeirra fái vægi í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, tekin afstaða til þess hvort núverandi aðstæður og mengunarvarnir séu fullnægjandi í ljósi áforma um framleiðsluaukningu og sólarhringsrekstur og að því sé beint til Skipulagsstofnunar að hún ákveði að framkvæmdin sé matsskyld þannig að áhrif á íbúa, náttúru, skipulag og atvinnubrúun í Flóahreppi verði metin á faglegan og gagnsæjan hátt. Sveitarstjórn Flóahrepps vísar í fyrri bókun undir lið 5 þar sem ákveðið var að senda umsögn í Skipulagsgátt vegna málsins og að óska eftir umsögnum frá úttekta og eftirlitsaðilum. Í umsögn sveitarstjórnar verði tekið tillit til þeirra atriða sem lýst er í framlagðri áskorun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps – Viljayfirlýsing um söfnun, flutning og brennslu á dýrahæjum

Fyrir liggur bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá fundi dags. 29.10.2025. Bókunin kemur í kjölfar erindis frá sveitarstjóra Flóahrepps, í samráði við sveitarstjórn, þar sem lýst er yfir áhuga og vilja til að eiga í samstarfi um söfnun, flutning og brennslu á dýrahæjum. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tók jákvætt í erindi Flóahrepps og samþykkti að ganga frá viljayfirlýsingu um samstarf með það að markmiði að gera samning um söfnun, flutning og förgun á dýrahæjum.

Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar áhuga Skeiða- og Gnúpverjahrepps á samstarfi um söfnun, flutning og brennslu á dýrahæjum og felur sveitarstjóra að ganga frá viljayfirlýsingu í samvinnu við sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála – Gæðaviðmið fyrir félagsþjónustu

Fyrir liggur beiðni um umsögn hagaðila frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um gæðaviðmið fyrir félagsþjónustu.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur deildarstjóra velferðarþjónustu, í samráði við fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls, að svara erindinu fyrir hönd Flóahrepps eigi síðar en 10. nóvember.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Ósk um framlag vegna útgáfu – Réttir landsins

Fyrir liggur erindi frá Önnu Fjólu Gísladóttur ljósmyndara og Gísla B. Björnssyni teiknara og hönnuði þar sem óskað er eftir framlagi vegna bókaútgáfu um réttir landsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í innsent erindi en í Flóahreppi eru friðlýstar réttir, Dælaréttir, sem eru ævaforðar fjárréttir og talin elsta rétt landsins og helsta skilarétt svæðisins á sínum tíma. Sveitarstjórn vísar ósk um framlag vegna útgáfu bókar til fjárhagsáætlunargerðar næsta árs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 328, dags. 21.10.2025
- b) Aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. dags. 15.10.2025 ásamt fjárhagsáætlun 2026, skýrslu stjórnar og tillögu að breytingum á stofnsamningi

Varðandi lið 3 í fundargerð þá gerir sveitarstjórn Flóahrepps ekki athugasemdir við framlagða tillögu um breytingu á stofnsamningi byggðasamlagsins og tekur til breyttrar kostnaðarskiptingar vegna málefna fatlaðs fólks. Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögu um breytingu á stofnsamningi Skóla- og velferðarþjónustu bs. til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 987, dags. 21.10.2025
- d) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 337, dags. 07.10.2025
- e) Aðalfundar Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða dags. 22.03.2025
- f) Almennavarnarnefndar Árnessýslu dags. 15.10.2025
- g) Aðalfundar Bergrisans dags. 09.10.2025

12. Efni til kynningar

- a) Þjóðvegur nr. 1 austan Selfoss – Bréf frá landeigendum
- b) Frá Umhyggju – Málþing Umhyggju – Fjórða vaktin; álag og örmögnun
- c) Frá Skipulagsstofnun – Ný Skipulagsvefsjá komin í loftið
- d) Frá Vegagerðinni – Fallið frá fyrirhugaðri niðurfellingu Árlundarvegar (3646-01) af vegaskrá
- e) Frá Vegagerðinni – Tilkynning um niðurfellingu Hamarskotsvegar (3025-01) af vegaskrá
- f) Bændafundur 2025
- g) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga - Samantekt úr vinnustofu um skráningu lögheimilis í frístundabyggð
- h) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 18. nóvember kl. 17:00.

13. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók

Árni Eiríksson (sign)
Helena Hólm (sign)
Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)
Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson
Helena Hólm
Hulda Kristjánsdóttir